

Mánudaginn 15. júlímánaðar.

Nr. 13/1895:

Rjettvísinn

gegn

Kristni Sigurðssyni.

Dómur :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. maímán. f. á., var hinn ákærði Kristinn Sigurðsson á Skriðulandi dæmdur til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til svaramanns í hjerði 8 kr., en dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, er í þessu máli sakaður fyrir, eptirnefnd afbrot:

1. Að hann hafi skorið taglhár úr nokkrum trippum á Kolbeinsdalsafrjett vorið 1893, sem honum eigi til heyrðu, en fyrir brot þetta var hann sýknaður í hjerði, og kemur það fyrir því nú eigi til álita, þar sem málinu eigi hefur verið áfrýjað af hálfu rjettvísinnar.

2. Að hann hafi haustið 1893 tekið að ófrjálsu gamalt bord á Bjarnastaðaseli, flutt það heim til sín og notað það í sínar þarfir. Ákærði þykist hafa haft leyfi eigandans til þess að taka bordið, og hafi hann ætlazt til, að það gengi upp í skuldaskipti þeirra á milli. Að vísu hefur eigandi bordisins neitað þessu, og upplýsingar málsins virðast einn-

ig benda til þess, að hann hafi eigi fengið umrætt leyfi í það skipti, sem hann hefur tilnefnt, en í það skipti var hann nokkuð kenndur, og gat því hafa misminnt nokkuð um tal sitt við eiganda borðsins við það tækifæri. Og þegar lítið er til þess, að ákærði eigi fór neitt leynilega að borðtökunni, virðist eigi fullnæg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ætlað að stela borðinu, og verður því að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans að því þetta atriði snertir.

3. Að hann hafi tekið að ófrjálsu og flutt heim til sín trjedrumb eða spýtu, sem lá hjá ánni Kolku eða Viðvíkurhúsum. Hinn ákærði hefur neitað því, að hann hafi tekið þessa spýtu, og það er eigi gegn þessari neitun hans sannað, að hann hafi gjört það.

4. Að hann hafi óleyfilega kastað eign sinni á gimbur, tilheyrandi Guðmundi Gíslasyni á Skugga-  
björgum, þegar hann haustið 1893 var á ferð með fjárrekstur úr Deildardals-rjett. Þessari sakargipt hefur ákærði alveg neitað, og með því að hún hefur eigi sannast á hann, verður að sýkna hann að því er þetta málsatriði snertir, eins og hjeradsdómarinn hefur gjört.

Samkvæmt hinu framanritaða verður eigi álitin fram komin nægileg sönnun til að fella ákærða til refsingar fyrir ofan nefnd ákæruatriði, en það virðist þó eptir atvikum rjett, að hann greiði allan af málinu gegn honum í hjeradi og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeradi, er þykja nægilega ákveðin 4 kr., og

málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Kristinn Sigurðsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en greiði allan af málinu gegn honum í hjeradi og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeradi 4 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júlímánaðar.

Nr. 23/1895:

Rjettvísinn  
gegn  
Jóni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er í hjeradi af hálfu rjettvísinnar gegn hinum ákærða Jóni Jónssyni fyrir árás og áverka á hendur húsbónda hans, Jóhanni bónda Guðmundssyni, var dæmt í aukarjetti Barðastrandarsýslu 24. október 1894 með þeim